

REGLUGERÐ fyrir Orlofssjóð Einingar-Iðju.

1. grein:

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Einingar-Iðju.

2. grein:

Tilgangur sjóðsins er: Að stuðla að byggingu orlofsheimila og auðvelda fólki að njóta orlofsdvalar. Tilganginum skal ná með því m.a.:

- Að kaupa eða byggja orlofshús eða íbúðir fyrir eigin reikning.
- Að greiða að meira eða minna leyti kostnað vegna orlofsdvalar félagsmanna í orlofshúsum eða íbúðum í eigu sjóðsins eða annarra.
- Skipuleggja orlofsferðir fyrir félagsmenn innanlands og utan og taka þátt í kostnaði vegna þeirra.
- Standa fyrir kynningar- og fræðslustarfi í sambandi við nýtingu orlofs.

3. grein:

Tekjur sjóðsins eru:

- Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt kjarasamningum á hverjum tíma.
- Húsaleigutekjur vegna orlofshúsa og íbúða í eigu sjóðsins.
- Vaxtatekjur.

4. grein:

Stjórn Einingar-Iðju er jafnframt stjórn Orlofssjóðs og ber ábyrgð á fjárreiðum hans. Stjórnin tekur ákvarðanir um kaup og sölu eigna sem og fjárveitingar til einstakra verkefna. Ferðanefnd annast undirbúning og skipulagningu einstakra orlofsferða. Aðalfundur ár hvert kýs fjóra félagsmenn í nefndina, og skulu þeir ekki eiga sæti í stjórn félagsins, en auk þeirra á formaður, og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni.

5. grein:

Laust fé orlofssjóðs skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði, en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda er þá félagssjóður ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar orlofssjóður þarf á fé sínu að halda.

6. grein:

Þegar svo ber við, að fleiri félagsmenn sækja um afnot af orlofshúsum eða íbúðum sjóðsins, þátttöku í orlofsferðum á vegum hans eða önnur hlunnindi af hans hálfu en hægt er að verða við á hverjum tíma, getur stjórn sjóðsins sett sér starfsreglur, sem m.a. fela í sér, að þeir, sem verið hafa félagsmenn um tiltekið árabil, gangi fyrir, eða að ákveðinn tími þurfi að líða milli þess sem sami félagismaður nýtur hlunninda frá sjóðnum.

7. grein:

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi, og ná þær því aðeins samþykki, að 2/3 hlutar atkvæða séu þeim fylgjandi.

Reglugerðin þannig samþykkt á aðalfundi Einingar-Iðju þann 16. apríl 2024.